

Umhverfisstofnun  
Guðríður Þorvarðardóttir  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 07. september 2010  
2010080011/42-0  
TB  
jgo/tb

### Breyting á friðlýsingarskilmálum fyrir Kringilsárrana

Vísað er til tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dags. 30. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um fyrirhugaðar breytingar á friðlýsingarskilmálum fyrir Kringilsárrana, sbr. auglýsingu nr. 181/2003. Fyrirhugaðar breytingar fela í sér að heimilt verður t.d. að veita leyfi til að flytja smærri tæki með pramma yfir Háslón að Kringilsárrana og prófa/nota tækjabúnað til að binda sand með jarðvegsbindiefnum. Þessi breyting er talin nauðsynleg vegna hugsanlegra áhrifa á friðlandið ef sandur berst inn á það frá Háslóni og grípa þyrfti strax til varnaraðgerða.

Lagt er til að eftirfarandi bætist við 3. tl. framangreindrar auglýsingar:

*Framkvæmdir sem fela í sér verndarráðstafanir í þágu náttúruverndargildis svæðisins eru þó heimilar að uppfylltum skilyrðum laga um náttúruvernd og annarra laga. Skulu þær taka mið af sérstöðu gróðursamfélags svæðisins og mikilvægi svæðisins sem beitilands hreindýra. Sérstakt tillit skal einnig taka til jökulminja á svæðinu. Í verndaráætlun skal nánar kveðið á um verndarráðstafanir.*

#### Umsögn

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemd við að undanþágu ákvæði verði í framangreindri auglýsingu þar sem aðstæður á svæðinu hafa breyst verulega. Hins vegar er viðbótin mjög almenns eðlis og í henni felst engin trygging fyrir að faglegt mat hafi farið fram á því hvaða aðgerðir teljast ásættanlegar og hvert náttúruverndargildið sé eða hvort því sé ógnað heldur er vísað til verndaráætlunar sem ekki er til. Mjög líklegt má telja að erfitt geti reynst að setja tæmandi lýsingar á mögulegum verndarráðstöfum í verndaráætlun.

Náttúrufræðistofnun telur að orðalag framangreindrar viðbótar sé óþarflega flókið t.d. má velta fyrir sér hvað séu *verndarráðstafanir í þágu náttúruverndargildis* þegar nær væri kannski að orða þetta með einfaldari hætti og tala eingöngu um framkvæmdir til að vernda náttúrufræðisvæðisins. Eins og viðbótin er orðuð núna mætti einnig lesa út úr textanum að sú staða gæti komið upp að grípa þyrfti til ráðstafana til að viðhalda mikilvægi svæðisins sem beitilands hreindýra þó svo að breytingarnar væru ekki vegna áhrifa af Háslóni heldur kannski vegna „náttúrulegra“ breytinga. Þetta þarf að laga.




Framangreind viðbót við friðlýsingarskilmála Kringilsárrana er tilkomin vegna sérstakra aðstæðna þ.e. álags frá Háslóni. Það má því segja að viðbótin eigi fyrst og fremst við verndarráðstafanir til að sporna gegn áhrifum af mannavöldum. Hvort sem framangreint undanþágu ákvæði er opið eða miðast eingöngu við áhrif af völdum sandburðar og uppblásturs vegna Háslóns (sem Náttúrufræðistofnun telur eðlilegra), telur Náttúrufræðistofnun að það eigi að leita álits fagstofnunar, þ.e. Náttúrufræðistofnunar Íslands, um hvort náttúruverndargildi svæðisins sé ógnað og hvaða verndarráðstafana eðlilegt sé að grípa til. Lög um náttúruvernd tryggja ekki aðkomu fagstofnana við ákvarðanir eins og fjallað er um hér að ofan. Í þessu sambandi er vísað til e liðar 4. gr. laga nr. 60/1990 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur en þar segir um hlutverk Náttúrufræðistofnunar: *að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna.* Það er því hlutverk Náttúrufræðistofnunar að leiðbeina um landnotkun og mannvirkjagerð og verða friðlýst svæði að teljast sérstaklega mikilvæg hvað það varðar.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

Afrit: Umhverfisráðuneytið

